

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 397/2003 um leigubifreiðar.

1. gr.

Orðin „frá trúnaðarlækni Samgöngustofu“ í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar falla brott.

2. gr.

Orðin „trúnaðarlæknis Samgöngustofu“ í 1. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „Öryrkjabandalags Íslands og tryggingayfirlæknis“ kemur: Tryggingastofnunar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðanna „trúnaðarlæknis Samgöngustofu“ í 2. másl. kemur: læknis

b. Í stað orðanna „trúnaðarlækni Samgöngustofu“ í 3. másl. kemur: lækni.

5. gr.

18. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Veita má leyfishafa heimild til að aka á móti forfallabílstjóra, óski hann þess vegna veikinda, enda beri læknisvottorð með sér að leyfishafi hafi ekki fulla starfsgetu. Leyfishafa er þá heimilt að aka í allt að 6 klst. á dag og skal aksturstími ákveðinn fyrir fram. Forfallabílstjóri má í slíkum tilvikum aka í allt að 12 klst. á dag.

Heimild skv. 1. mgr. má veita til allt að þriggja mánaða á ári en heimilt er að framlengja hana í allt að eitt ár í senn. Heimild skal þó ekki veita lengur en í fjögur ár og skal ekki veita heimild að nýju til meira en samtals þriggja mánaða næstu tólf mánuði.

6. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga um leigubifreiðar nr. 134/2001, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 23. desember 2022.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Ólafur Kr. Hjörleifsson.*